

Höskuldur Þórhallsson (Indlæg)

Herra forseti. Ég vildi bara segja undir þessum lið að ég er mjög ánægður með það umbótastarf sem hefur farið fram innan Norðurlandaráðs. Þó að ég hafi viljað sjá róttækari breytingar, meiri breytingar, þá tel ég að það að fækka nefndum og gera tiltekna breytingar sé skref í rétta átt. En ég held að við getum gert miklu betur. Ég legg til að við höldum þessu umbótastarfi áfram, þróum það og höldum nefndunum við efnið vegna þess að ég held að við getum gert Norðurlandaráð dýnamískara og hraðvirkara. Um leið og við gerum það þá vex áhuginn, ekki bara meðal stjórnámálmannanna heldur líka almennings í löndunum, sem er mjög mikilvægt. Við erum jú hér fyrir fólkið.

Mig langar aðeins að bregðast við þeirri gagnrýni sem kom hér áðan frá Torgeir Fylkesnes. Ég er ekki alveg sammála honum vegna þess að við höfum einmitt tekið mjög dýnamísk og erfið mál og haldið þeim lifandi í forsætisnefnd.

Varðandi sambandsríkið, sem var mjög róttæk tillaga, þá ákváðum við t.d. að halda áfram að vinna með hugmyndina og reyna að stefna að auknu samstarfi, sem ég held að sé mjög mikilvægt. Við skipuðum nefnd varðandi Samana, um aukin réttindi þeirra innan Norðurlandaráðs, þar sem voru fulltrúar frá mörgum löndum og tilteknum flokkahópum, og ég held að sú niðurstaða hafi líka verið skref í rétta átt. Við hentum því alls ekki út af borðinu.

Varðandi utanríkismálanefnd, sérstaka utanríkismálanefnd, þá fannst okkur rétt að hafa þetta áfram í forsætisnefnd vegna þess að við viljum einmitt gera utanríkismálum hátt undir höfði og við töldum að þannig væri það best

gert. Svo nefni ég Ísrael og Palestínu, það er nú heldur betur mál sem við höldum á lofti í forsætisnefnd.

Skandinavisk oversættelse

Hr. præsident. Jeg har bare lyst til at nævne under dette dagsordenspunkt, at jeg er meget tilfreds med de reformer, der har fundet sted i Nordisk Råd. Til trods for at jeg havde ønsket mere gennemgribende reformer, større ændringer, så mener jeg, at det, at man har skåret ned på antallet af udvalg og foretaget konkrete ændringer, er skridt i den rigtige retning. Men jeg mener, at vi kan gøre endnu bedre. Jeg foreslår, at vi fortsætter reformerne, udvikler det og holder udvalgene fokuserede, fordi jeg tror, at vi kan gøre Nordisk Råd mere dynamisk og hurtigere. Dermed vokser interessen ikke kun blandt politikerne, men også hos befolkningerne i landene, og det er jo vigtigt. Vi er her jo for folket.

Jeg har lyst til at kommentere den kritik, som Torgeir Fylkesnes fremførte tidligere. Jeg er ekki helt enig med ham, fordi at vi netop har taget meget dynamiske og vanskelige emner op og holdt dem i live i præsidiet.

Hvad angår unionen, som var et meget radikalt forslag, så besluttede vi bl.a. at videreudvikle ideen og forsøge at styre mod et øget samarbejde, hvilket jeg tror er meget vigtigt. Vi nedsatte et udvalg om det samiske spørgsmål, om at øge deres rettigheder i Nordisk Råd, med repræsentanter fra flere lande og bestemte partigrupper, og jeg tror, at denne løsning har været et skridt i den rigtige retning. Vi fejer det slet ikke af bordet.

Angående et udenrigspolitisk udvalg, et særligt udenrigspolitisk udvalg, så fandt vi det rigtigt at beholde det i præsidiet, fordi vi netop ønsker at prioritere udenrigspolitikken, og vi mente at det blev varetaget bedst på denne måde. For nu at nævne Israel og Palæstina, så er det uden tvivl en sag, som vi har prioriteret højt i præsidiet.

Informasjon

Tale nummer

403

Type

Indlæg

Person

[Höskuldur Þórhallsson](#)

Speaker role

Midtergruppen

Dato

29.10.15 11:55

Sak

[Præsidentforslag om ny udvalgsstruktur](#)